

Sp. 138. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu Siglufjarðarvegjar.

Flm.: Einar Árnason, Bernh. Stefánsson, Pálmi Hannesson, Steingr. Steinþórsson, Stefán Stefánsson, Garðar Þorsteinsson, Erl. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða svo byggingu Siglufjarðarvegjar, að hann verði fullgerður eigi síðar en sumarið 1942 alla leið frá Siglufirði að vegamótum við Ketilás. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni nauðsynlegt fé í þessu skyni úr rikissjóði.

Ástæður.

Það eru nú liðin allmörg ár síðan byrjað var á þjóðvegjarlagningu yfir Siglufjarðarskarð, og er þegar búið að verja til þess allmikilli fjárhæð, eða fast að 200 þús. kr. Þó er vegurinn enn þá ekki kominn nema fjórðung leiðarinnar frá Skarðdal í Siglufirði að Hraunum í Fljótum. Það er því ljóst, að ef ekki verður lagt fram mun meira fé á næstu árum en undanfarið, þá tekur það enn 18—20 ár að koma Siglufirði í vegasamband við önnur héruð landsins. Má það vera öllum ljóst, að ekki er hægt að una við slíkan seinagang, þar sem þörfin er svo aðkallandi, vegna Siglufjarðar, nærliggjandi héraða og alls landsins. Það virðist líka léleg hagfræði að láta stórfé liggja í vegi, sem ekki er hægt að nota fyrr en eftir tvo tugi ára.

Það er því tilætlun flutningsm. þessarar tillögu, að nú sé hafizt handa og vegurinn fullgerður á 2 árum.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðayfirlit um vegagerð um Siglufjarðarskarð til Fljóta.

Síðan byrjað var á vegagerð yfir Siglufjarðarskarð, 1935, hafa fjárveitingar úr rikissjóði verið þessar:

1935	kr. 15000.00
1936	— 10105.59
1937	— 15028.23
1938	— 14204.78
1939	— 16248.20
1940	— 15398.97

Samtals kr. 85985.77

Enn fremur lagði Siglufjarðarbær á síðastliðnu ári fram lánsfé að upphæð kr. 55000.00, sumpart til þess að flýta vegagerðinni, en sumpart til atvinnubóta. Á lánsfé þetta að endurgreiðast af fjárveitingum næstu ára. Á þessu ári mun Siglufjarðarbær leggja til viðbótar rúmlega 40000 kr. sem lánsfé á sama hátt.

Loks hafa Siglufjarðingar lagt fram í gjafavinnu, aðallega 1935, kr. 48405.90, en vegna erfiðra aðstæðna kom þessi vinna ekki nærri að fullum notum hvað afköst snerti.

Byrjað var á veginum rétt ofan við bæinn Skarðdal. Er nú að mestu fullgert upp að Þvergili, við hæl 348 eða um 3,5 km. frá Skarðdalsá, þó vantar enn þúkklag og mól á um 900 metra kafla. Ofan við Þvergil eru gerðir nokkrir kaflar, þó ekki að fullu.

Árni Pálsson verkfræðingur mældi vegastæðið í fyrra sumar alla leið að Hraunum, en þar er 13,68 km. frá Skarðdalsá. Vegstæðið er allt alveg óvenju örðugt, bratt, víða í miklum hliðarhalla, grýtt og jafnvel klappir sums staðar, sem þarf að sprengja, sérstaklega á háskarðinu. Það verður að sprengja skarð í klapparhrygginn í háskarðinu um 40 m. langt og allt að 11,0 m. djúpt. Er um leið þessa að heita má nær alla alversta vegstæði, sem akvegur hefur verið lagður um hér á landi.

Árni Pálsson hefur gert kostnaðaráætlun um vegagerðina, er þar miðað við kauplag í febrúar í ár, Siglufjarðarkaup upp úr háskarðinu, en venjulegt vegakaup þaðan að Hraunum. Til samanburðar má geta þess, að er hinar fyrstu mjög lauslegu frumáætlanir voru gerðar, var miðað við meir en þriðjunglægra kaup.

Mjög er erfitt að fá mól á mestum hluta leiðarinnar, og í rauninni óvíst um, hvar hún fæst. Er því nokkur óvissa að því er snertir þann lið áætlunarinnar. Að því er snertir verðlag á efni, svo sem sementi og timbri í ræsi, er miðað við verðlag 1940.

Veginum hefur verið skipt í kafla, og hefur Árni Pálsson gert eftirgreinda áætlun um hvern kafla sér:

1. Að fullgera veginn að km. 4.85 eða upp undir klettabeltið	kr. 76200.00
2. Kaflinn utan í klettabeltinu norðan háskarðsins frá 4.85—5.37 km. 520 metrar	— 135900.00
3. Háskarðið, göngin frá 5.37—5.41 km. 40 m.	— 115400.00
4. Skriður að vestan niður að skafllautum frá 5.41—5.67 km. 260 m.	— 16900.00
5. Ofan Fellin frá 5.67—6.50 km. 830 metrar	— 54300.00
6. Brekkurnar þar til ofan við Eggjabrekku á núverandi vegi 6.50— 10.10 km. 3600 metrar	— 128100.00
7. Um Almenna að Hraunum 10.10—13.68 3580 metrar	— 113200.00
	Samtals kr. 640000.00

Frá Hraunum er enn ekki akfært að Brúnastöðum, og þarf nýjan veg að heita má alla leið, en þaðan að Haganesvík er að mestu upphleypt braut. Árni Snævarr verkfræðingur mældi þessa leið á síðastliðnu sumri, og nemur kostnaðaráætlun hans 100 þús. kr., ef miðað er við sama verðlag og í áætluninni um Skarðsvegin. eru þá meðtaldar steyptar brýr á Brúnastaðaá og Lambanesá.

Reykjavík, 22. marz 1941.

Geir G. Zoëga.